

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð Mosfellsbæjar

Efni: Varanlegur stuðningur við börn í viðkvæmri stöðu

Dags: 5. desember 2022

Málsnúmer: 202111529/10.10

Starfsmaður: Linda Udengaard framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs og Sigurbjörg Fjölfnisdóttir framkvæmdastjóri velferðarsviðs


Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að bæjarstjóri undirriti meðfylgjandi viljayfirlýsingu vegna verkefnisins Börn í viðkvæmri stöðu.

Greinargerð:

Tilgangur verkefnisins Börn í viðkvæmri stöðu er að skilgreina verklag til að stuðla að farsæld fyrir börn sem eru í viðkvæmri stöðu í Mosfellsbæ. Félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra skipuðu þær Eygló Harðardóttur og Sigríði Björk Guðjónsdóttur, ríkislögreglustjóra, í tímabundið aðgerðateymi gegn ofbeldi í maí 2020. Verkefnið var eitt af viðbrögðum stjórnvalda við áhrifum Covid-19 faraldursins en á tímum efnahagsþrenginga og áfalla er viðbúið að ofbeldi aukist og í því ljósi ákváðu stjórnvöld að grípa til markvissra aðgerða og vitundarvakningar gegn ofbeldi, einkum heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Verkefnið í Mosfellsbæ hófst í lok árs 2021 með ósk um þátttöku Mosfellsbæjar í verkefninu til að vinna að verklagi til að stuðla að samvinnu allra þeirra aðila sem koma að börnum.

Til glöggvunar má sjá hér að neðan tölur yfir fjölda tilkynninga til barnaverndar Mosfellsbæjar síðastliðin ár samanborið við íbúafjöldaþróun.



Á næstu blaðsíðu má sjá fjölda tilkynninga til barnaverndar fyrstu 9 mánuði árána 2021 og 2022 brotið niður eftir tegund tilkynninga.

Barnavernd	Jan-sept 2022	Jan-sept 2021	Breyting
Tilkynningar, fjöldi	433	401	8%
Áhættuhegðun	165	128	29%
Afbrot barns	32	31	3%
Barn beitir ofbeldi	54	26	108%
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	18	19	-5%
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	12,0 m	10	20%
Neysla barns á vímuefnum	49	42	17%
Ofbeldi	140	143	-2%
Barn verður vitni af ofbeldi milli náinna aðila	12	0	
Kynferðislegt ofbeldi	3	23	-87%
Kynferðislegt ofbeldi (þar af barn verður fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu náins aðila)	5	0	
Líkamlegt ofbeldi	12	41	-71%
Líkamlegt ofbeldi (þar af barn verður fyrir ofbeldi af hálfu náins aðila)	13	0	
Tilfinningalegt ofbeldi	54	0	
Tilfinningalegt ofbeldi (þar af barn verður vitni að ofbeldi milli náinna aðila)*	40	52	-23%
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	1	27	-96%
Vanræksla	126	129	-2%
Líkamleg vanræksla	0	1	-100%
Tilfinningaleg vanræksla	13	8	63%
Vanræksla varðandi nám	0	6	-100%
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	56	69	-19%
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit (foreldrar í áfengis- og fíkniefnaneyslu)	57	45	27%
Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu	0	1	-100%
Börn sem tilkynnt var um, fjöldi	206	316	-35%
Fjöldi nýrra kannana	64	89	-28%
Mál í meðferð, fjöldi	70	85	-18%
Kostnaður við barnavernd, upphæð	38,2 m	37,7 m	1%
* Fjöldatölur árið 2021 miðast við skilgreininguna "heimilisofbeldi"			

Til að vinna að verkefninu um stuðning við börn í viðkvæmri stöðu var stofnað teymi frá Mosfellsbæ, Ríkislögreglustjóra, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Sýslumanni og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og stýrði utanaðkomandi verkefnastjóri vinnu teymisins. Eitt af fyrstu verkefnum teymisins var að halda vinnustofu með fyrrgreindum aðilum auk starfsmanna Mosfellsbæjar og starfsmanna ýmissa félagasamtaka í Mosfellsbæ. Markmiðið með vinnustofunni var að skoða og koma með tillögur um hvernig væri hægt að auka líkur á farsæld barna með því að efla samvinnu þeirra aðila sem sinna börnum, s.s. skóla, frístundamiðstöðva, barnaverndar, félagsþjónustu, félagasamtaka og annarra stofnana s.s. lögreglu, sýslumanna og heilbrigðiskerfisins. Vinnustofan var hugsuð sérstaklega fyrir þá samstarfsaðila innan Mosfellsbæjar sem eiga snertiflöt við börn sem teljast vera í viðkvæmri stöðu vegna ýmis konar ofbeldis og vanrækslu sem þau verða fyrir.

Í framhaldi vann teymið verklagsreglur út frá niðurstöðu fundarins og þekkingu teymisins á málefnum barna í Mosfellsbæ, auk þeirra laga sem að við eiga. Fundað hefur verið reglulega og var lokafundur teymisins haldinn í Mosfellsbæ 30. nóvember 2022.

Afurðir verkefnis er verklag um samvinnu vegna barna í viðkvæmri stöðu í Mosfellsbæ, tengiliðalisti og yfirlit yfir fundi samstarfsaðila í Mosfellsbæ. Samhliða þessu verkefni settu bæði LRH og sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu verklag varðandi sína starfsemi í samvinnunni.

Samþykki bæjarráð tillögu þessa er stefnt á undirritun viljayfirlýsingarinnar í Mosfellsbæ með hlutaðeigandi aðilum næstkomandi föstudag kl. 11.00.



Virðingarfyllst,
Linda Udengaard,
framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs

Sigurbjörg Fjölisdóttir,
framkvæmdastjóri velferðarsviðs

Fylgiskjöl:

1. Viljayfirlýsing um samvinnu aðila
2. Verklag um samvinnu.